

Dalalæðan

1. tbl. 35. árg. 15. febrúar 2022

ÖLL ÉL BIRTIR UPP UM SÍÐIR



AÐALFUNDUR VÍGHÓLS

Verður haldinn í íþróttahúsinu í Reykjadal
fimmtudaginn 3. mars klukkan 20:00

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar.
5. Ákvörðun félagsgjalds.
6. Kosning stjórnar.
7. Önnur mál

FJÖLMENNUM - FYLGJUM SÓTTVARNARREGLUM - STJÓRN VÍGHÓLS



Betri er einn með yndi en tveir með trega

Í einni ágætri skáldsögu Dickens er sagt að tímarir hafi verið í senn góðir og slæmir. Vindar, eldgos og vírusar hafa frá örófi alda feykt pestum og harðindum yfir landið okkar, en inn á milli hafa komið bjartar stillur. Mosfellsdalurinn er að verða skógi vaxinn og skjól hefur myndast fyrir miskunarlausum blæstri. Það er langt um liðið síðan bílar hafa tekist á loft eftir þorralót og skólabíllinn hefur ekki lent ofan í skurði í háa herrans tíð.

Við megum vel við una. Vindar og kóf eru að einu leyti af sama meidi, þeir gera aldrei boð á undan sér. Við kunnum að biða af okkur veður og höfum lært á kófið. Dalbúar sýndu stillingu og hlýddu Viði. Og þrátt fyrir stundarhöft, tókst að halda markað hjá Nonna og hans liði síðastliðið sumar, hlusta á Blek & Byttur í Túnfæti og reyndar flest annað, stundum þó í fámenni. Þorralótið var slegið af, sem getur tæpast talist altarisfórn, þegar faraldur er annars vegar. Það lést enginn dalbúi á síðasta ári og færri duttu af baki. Í það heila stóðumst við raunina og leiðindin.

Dalalæðan - 1.tölublað.

1. árgangur - janúar 1987

Dalalæðan er þrjátíu og fimm ára. Fyrsti ritstjóri og ábyrgðarmaður var Bjarki Bjarnason á Hvirfli og stýrði hann blaðinu með glans í rúma þrjá áratugi. Í fyrsta blaðinu var að finna ljóð Magnúsar Gísla-

sonar *Nótt*, sem er vel við hæfi að birta aftur, enda hefur orðið mikil endurnýjun í dalnum og hugsanlega margir sem kunna ekki textann. Hann þarf að kunna aftur á bak og áfram, ef svara á spurningu Bjarka á þorralótum framtíðarinnar: Geta dalbúar eignast fallelgru „þjóðsöng“?

Nú ríkir kyrrð í djúpum dal,
þótt duni foss í gljúfrasal,
í hreiðrum fuglar hvíla rótt,
þeir hafa boðið góða nótt.

Nú saman leggja blómin blöð,
er breiddu faðm mót sólu glöð,
í brekkum fjalla hvíla hljótt,
þau hafa boðið góða nótt.

Nú hverfur sól við segulskaut
og signir geisli hæð og laut,
er aftanskinið hverfur hljótt,
það hefur boðið góða nótt.

Þetta fallegra kvæði eftir Magnús Gísla-son er þó ekki ort um Mosfellsdal, því hann fluttist árgamall úr Helgadal og var ekki byrjaður að yrkja, en fjölskyldan settist að á Torfastöðum í Grafningi. Ort er um dal í Henglinum, ekki langt frá Nesjavöllum, en kvæðið er jafn gott fyrir það.

Dalalæðan

1. tbl. 35. árg. 15. febrúar 2022.

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll Mosfellsdal.

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Halldór Þorgeirsson og Guðný Halldórsdóttir.

Auglýsingar: Jóhannes Þór Hilmarsson.

Forsíðumynd: Guðný Halldórsdóttir

Umbrot: ARTPRO / Guðni Þorbjörnsson

Prentun: ARTPRO Prentþjónusta.

Prófarkalestur: Rakel Baldursdóttir.

Dalalæðan er prentuð í 300 eintökum.

Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra dalbúa.

Rakel
Baldursdóttir

Fyrsti stofnfundur Víghóls var haldinn þann 15. nóvember árið 1986 og var 1.tbl Dalalæðunnar gefið út í janúar, ári seinna. Fyrstu stjórnarmenn félagsins voru þau Bjarki Bjarnason, Guðrún Karlsdóttir og Fróði Jóhannsson heitinn. Á þeim 35 árum sem liðin hafa margir dalbúar lagt sitt á vogarskálarnar til að halda félaginu okkar og hagsmunum dalbúa í heiðri. Hefur félagið komið að fjölmörgum verk efnum og hagsmunamálum m.a. að setja á stofn heimasíðuna mosfellsdalur.is með það að leiðarljósi að vera upplýsandi og varðveita gögn. Félagið hefur um árabíl afhent styrk til Reykjadal sem margir dalbúar hafa sterkar taugar til.

Þann 17. júní 1988 var eitt af fyrstu verkefnum félagsins að gera samning um afnot af landspílu „Gvendarreit“ til minningar um Guðmund Bjarnason sem ætlaði að stofna skógræktarstöð og hafa plöntusölu, almenningi til nytja. Íbúar tóku höndum saman, fengu fjárstyrki frá góðu fólki, sem lagði grunninn að reitnum og áttu marg-ar góðar stundir þar. Á síðasta aðalfundi Víghóls var sett fram sú ósk íbúa að endurvekja þennan reit og fór stjórn í að kanna möguleika til þess. Því miður er reit-

urinn afar illa farinn, gríðarmikil grisjun þarf að eiga sér stað og enduruppbygging krefst mikillar vinnu. Einnig þarf að hafa í huga aðkomu inn í reitinn en núverandi aðkoma er við Þingvallavegin og er því ekki ákjósanleg. Í ljósi þess að afsalið að ofangreindum leigusamning rennur út árið 2025 er þá kannski spurning að dalbúar hugi að nýrri og betri aðkomu að sælureit til framtíðar.

Fyrirhugað var að halda afmælishátíð Víghóls um sl. verslunarmannahelgi en vegna fjöldatakmáarkanna var ákveðið að færa hana fram að bæjarhátíð. Staðan var ekki betri þá og sá stjórnin að ekki yrði mögulegt að halda afmælishátíð utandyra það árið. Ekki vantaði hugmyndir um viðburðahald eins og jólakráarkviss, íbúaþing um sjálfbært samfélag, óvissuferð fyrir dalbúa, golfmót, osfrv... en allar voru þær slegnar út af borðinu vegna kóvíðfaraldursins. Vonandi fer þessu nú að linna svo að við getum stigið dansinn saman á ný.

Stjórnin hefur átt fjölmarga fundi vegna ljósleiðaramála með m.a. íbúum, Mílu og átti nú síðast fund með fulltrúum Mosfellsbæjar í lok mars. Aðkomu Mosfellsbæjar að þessu verkefni er lokið og mun bærinn ekki aðhafast neitt meira né hafa frekari afskipti að verkefninu. Bærinn telur að farið hafi verið eftir öllum settum reglum og lögum í því sambandi og minnti á að það er hvorki hlutverk né skylda bæj arins að tryggja öllum íbúum ljósleiðara. Bærinn mun endurgreiða Fjarskiptasjóði styrk þeirra staðfanga sem þáðu hann ekki. Það var ekki í boði skv. reglum sjóðsins að nýta fjármunina til annarra staðfanga. Um 2/3 staðfanga á listanum þáðu styrkveitinguna.



Gæsir eru orðnar staðfuglar í dalnum

Uppsetning öryggismyndavéla er í farvegi og skv. tímaáætlun í svari frá Mosfellsbæ ætti sú framkvæmd að hefjast eftir þetta ár eða 2023. Einnig er mikill vilji hjá bæj- aryfirvöldum að halda hektara lóðum óbreyttum og fögnum við því.

Stjórn fór á fund með umhverfissviði Mosfellsbæjar með hugmynd göngustíg-akerfi innan dalsins og var vel tekið í þá hugmynd. Nú er unnið að breytingu á aðalskipulagi og vonum við að þar verði tekið tillit til þessa með opnum hug og að hugmynd Fróða heitins fái loksins að verða að veruleika.

Víghóll fór þess á leit við bæjaryfirvöld í nóvember að glannalegt jarðrask í Oddsbrekkum yrði lagfært og svæðið fært í upprunalegt horf. Fjölmargir hafa tekið upp gönguskóna og hefur gönguleiðin að Helgufoss ekki farið varhluta af því. Þar er orðin ansi mikil þörf á að bæta úr og verður það eitt af verkefnum komandi stjórnar að

benda á. Fjölgun máva er vandamál sem þarf að stemma stigu við og hefur stjórn komið ábendingu til umhverfissviðs og bæjarverkfræðings þess efnis sem gott væri að minna á í vor. Auk þess hafa borist ábendingar um mögulega mengun í ám og kalla þarf eftir sýnatökum og niðurstöðum vegna þessa. Að umhverfið og vistkerfið okkar sé í lagi er okkar allra hagar.

Þriðja árið í röð bauð Skógræktin dalbúum að fella jólatré í Æsustaðafalli og mættu fulltrúar Víghóls með heitt súkkulaði í fjallið. Svo virðist sem hefð sé að skapast um þann viðburð.

Okkur þykir mörgum sem við dalbúar séum olnbogabarn Mosfellsbæjar. Ekki sé hlustað á óskir og þarfir íbúa í dalnum, og oft sé verið að reyna að fá úrlausn mála svo árum skipti. Því er svo mikilvægt að við stöndum saman um hag okkar allra, hjálpumst að og leggjum okkar á vögarskálarnar. Hugum að umhverfinu og stöndum vörð um sérstöðu dalsins.

Ég mun ekki bjóða mig fram til lengri setu í stjórn á komandi aðalfundi og kveð með þakklæti. Þetta hefur verið skemmtilegt, lærdómsríkt og gefið mér dýpri innsýn inn í fallega samfélagið okkar og sögu þess hér í dalnum.

**Óska ykkur öllum hamingjuríks árs.
Rakel Baldursdóttir**

BIÐSKÝLIN Í MOSFELLSBÆ

Biðskýlin í Mosfellsbæ eru elstu skýli landsins. Þau voru friðuð síðastliðið sumar af Munavernd Ríkisins og er stranglega bannað að færa þau úr stað, mála eða gera endurbætur. Það er spurning hvort það megi yfirleitt nota þau? Gaman væri að senda skýlið á Feneyjar-tvíæringinn.



HELGA, FOSSINN OG HÓLLINN



Helguhóll. Mynd H.Þ.

Fyrsta förukona Íslands, Helga Bárðardóttir í fornsögunni Bárðar sögu Snæfellsáss hóf að flakka í kjölfar ástarsorgar. Förukona sem var í senn tröllkona og mennsk kona. Í sögu Helgu segir frá henni sem ungri stúlku, sem með lævislegum karla-brögðum er hrakin úr íslensku feðraveldi út á jadarinn; Eystribygð á Grænlandi. Á útmörkum alheimsins, í Bröttuhlíð í Eiríksfirði á Grænlandi, fellur Helga dalbúi hug til manns, sem síðan svíkur hana í ástum;

Þegar Helga snýr aftur til föðurlandsins, úr útlegðinni á jadrinum, þá unir hún sér hvergi sem kona, og segir í kjölfarið endanlega skilið við mannfélagið og gengur villtri náttúrunni á hönd.

-Jaðarkvennasaga - Förukona og einsetukona á Íslandi - Dalrún J. Eygerðardóttir 2020

Ekki undi Helga hjá föður sínum og hvarf þaðan í burt og þýddist hvorki nálæga menn né fénað eða herbergi. Var hún þá oftast í hreysum eða hólum.



Dalskonur læra að búa til jólakransa hjá Júlí á Suðurá

HEITT VATN SKAPAR GJALDEYRI



Myndin er frá Klúku í Bjarnarfirð, þar sem Bjarki var eitt sinn skólastjóri

Hvers vegna notar enginn affallið af híbýlum og/eða gróðurhúsum til þess að gera laugar? Það þarf ekkert að gera annað en að grafa nokkrar holur og fylla af hlandvolgu vatni og þá koma erlendir ferðamenn í stríðum straumi. Í Dalnum er fjöldinn allur af gröfum og traktórum og því ekki til setunnar boðið. Svona mokstur er gjaldeyrisskapandi.

Í kvikmyndinni um Snorra Sturluson 1979 var Reykholtslaug endurgerð í Helgadal af því það var svo auðvelt.



Geysissvæðið veturinn 2021

HEYST HEFUR...

- ✓ Minkar sluppu úr Dalsbúinu fyrir jól og drápu margar hefðarhænur dalbúa, sem syrgja þær enn. Stjórn Víghóls mun fara þess á leit við bústjóra að slík slys verði tilkynnt á feisbúkk síðu félagsins, þannig að menn geti gert viðeigandi ráðstafanir.
- ✓ Ekki eru allir helgir sem kirkju sækja segir máltækið. Nýbikaða bílastæðið við Mosfellskirkju er stundum yfirfullt af bílum göngufólks, sem veit ekki að það eru fornminjar og grafir undir því öllu. Það er nefnilega komið fram yfir síðasta sölundag á „helgi“.

STÓRAFMAELI 2022

Eftirtaldir dalbúar fagna stórafmæli á árinu

95 ára

Salóme Porkelsdóttir, Reykjahlíð 3. júlí

80 ára

Jón B. Aspar, Æsustöðum 3. febrúar

Ragnheiður Gíslason, Laxnesi 30. júní

Jón Baldvinsson, Furuvöllum 2. október

Lovísa Ó. Guðmundsdóttir, Hraðastaðavegi 3 12. nóvember

Helga Lára Hólm, Selvangi 16. nóvember

75 ára

Birgir Sigurðsson, Reykjadal 10. nóvember

Ómar Runólfsson, Laugabólí 2. 23. desember

70 ára

Guðrún Kristjánsdóttir, Hraðastaðavegi 15 17. febrúar

Þorkell Jónsson, Túnfæti 18. maí

Bjarki Bjarnason, Hvirli. 15. júní

Guðlaug Sigurðardóttir, Reykjadal 2 18. nóvember

60 ára

Desirée Dísa Ferhunde Anderiman, Skeggjastöðum 18. maí

Bjarni Bjarnason, Hraðastöðum 25. apríl

Kristín Birna Garðarsdóttir, Roðamói 9 25. ágúst

50 ára

Kolbeinn Sigurjónsson, Laugabakka 22. janúar

Ólafur Örn Ólafsson, Egilsmóa 5. 26. nóvember

Ólöf Ágústa Erlingsdóttir, Hlöðunni 22. október

Dalalæðan óskar þessu góða fólki gæfu og hamingju

HEYST HEFUR...

- ✓ Mosskógar þenjast út þrátt fyrir almennt færri ferðamenn. Það er vegna þess að þeir fáu sem koma til landsins vilja gista þar. Einfalt reikningsdæmi.
- ✓ Skarðið í Oddsbrekkunum verður lagfært í vor, en gerendur mega af hafa skömm fyrir. Hver það hestamenn að móta umhverfið okkar?

EINN ÞEKKTASTI LISTMÁLARI NORÐURLANDA MEÐ SÝNINGU UPP Í DAL



Halldór Laxness og Svavar Guðnason. Mynd: Auður Laxness

Listmálarinn Svavar Guðnason og kona hans Ásta urðu innlyksa í Kaupmannahöfn á stríðsárunum, en farþegar á fyrsta farþegaskipinu sem kom til landsins eftir lok styrjaldarinnar. Mikill húsnæðis-skortur var í Reykjavík á þessum tíma og eftir heimkomuna bjuggu þau fyrstu árin í sumarhúsi rétt við Laxnes. Í bók sinni um Svavar Guðnason (2009) birtir Kristín G. Guðnadóttir hluta úr úr bréfi sem Halldór Laxness skrifaði Svavari árið 1948:

„Kærar þakkar fyrir ánægjulegar samverustundir í haust [...] Hér er snjó uppí klof og búinn að vera leingi, en það er ánægjulegt að vera hér úti og maður getur farið inn þegar maður vill. Þú þyrftir að eignast skála hér á nálægum hól, nálægt vegi, og í sambandi við Sogsrafmagn, sem nú er reyndar komið hér í Gljúfrasteini.

Auður vill endilega koma upp skála handa ykkur hér í nágrenni. Hér kemst allt upp sem menn vilja koma upp, jafnvel þó menn hafi einga peninga, af því Íslendingar eru einhvernveginn í stuðinu, og komast ekki útúr því hvernig sem reynt er til.“

Svavar og Ásta byggðu sér reyndar aldrei hús í Mosfellsdalnum en eignuðust þó sinn eigin sumarbústað í dalnum sem þau nefndu Lækjarnes. Sá bústaður er ekki lengur til, en norðan við hefur verið byggt tvílyft hús sem ber sama nafn.

Sigríður Halldórsdóttir segir svo frá að Svavar hafi haldið sýningu að Gljúfrasteini og vísar í mynd af stórum snjóskafli en bú-ið var að stinga í skaflinn 10 - 20 gríðarstórum olíumálverkum. Sýningin var að hennar sögn illa sótt, líklega vegna ófærðar: „en þeir eru tveir að messa yfir henni á mörg-



*Halldór Laxness,
Svavar Guðnason
og Snati*

Mynd: Auður Laxness

um ljósmyndum, Svavar og Halldór á Gljúfrasteini. Báðir á stígvélum. Hundurinn

Snati að búa sig undir að lyfta beini utan í eina myndina sem alþýðusafnið á núna”.

ANLAF CVNVNC

Ólæs konungur slær mynt

Hér skal sagt frá smáatviki, sem styður fastlega allt í senn, að Egill hafi átt enskt silfur, að hann hafi grafið það í jörð á Mosfelli og að eitthvað af þessu silfri kunni að hafa fundist þar í Kýrgili.

Ritari Árna Magnússonar, Jón Ólafsson frá Grunnavík skrifaði eftirfarandi frásögn um silfrið: „Erlendur sýslumaður, bróðir minn, hefur sagt mér, að hér um annó 1725 hafi í vatnavöxtum spýtt fram nokkrum þeim silfurpeningum svo fundist hafi þrír, og hafi hann á nefndum tíma séð einn þeirra að vísu. Sagði hann peningur sá hefði verið á stærð sem tískildingur heill vorra tíma og hefði staðið á honum nokkuð krasslegt og ómerkilegt letur, kannske ANLAFR eða þvílíkt með fleiri bókstöfum“. Þessir peningar, sem um er að ræða, fundust á Mosfelli.

Peningur sá, er hér um ræðir, hefur



Ólafur var féggjarn og hégómlegur, en ólæs.

verið sleginn fyrir Ólaf Kvaran Sigtryggsson, líklega árið 937. Hann var óþreytandi að slá mynt. Jafnskjótt og hann hafði náð einhverjum lítils háttar völdum, lét hann myntara taka til peningagerðar. Ein útgáfan var merkt ANLAF CVNVNC (Kununk), en hún var einmitt þannig sem bróðir Jóns sagðist hafa séð og hafiði það.

HJÚKRUNARKONAN FLUTT!



Ásar „Vel skipulagður áningastaður fyrir ferðamenn“

Ekki hefur sést til hauslausu hjúkkunar sem var á sveimi á Ásunum eftir seinna stríð og þáði far með ýmsum einmanna körlum. Skýring á því hefur ekki fundist, en af rælni rakst einhver á gamlan mogga: Í Morgunblaðinu 8.september 1991 segir: Reimt er í Sléttalandi við Suðurlandsveg. Hús þetta var byggt sem félagsheimili um 1950. Húsið var klætt innan með mason-

íti sem tekið var úr amerískum herbragga við Helgafell í Mosfellssveit. Braggi þessi var hluti af hersjúkrahúsi sem þarna stóð á stríðsárunum. Talið er að viðum þessum hafi fylgt afturganga amerískrar hjúkrunarkonu sem fórst voveiflega. Samkvæmt frásögn Péturs Björnssonar í Laxnesi í bókinni 10 sögur úr Dulheimum lögðu tveir samlandar konunnar ást á hana. Sá þeirra sem halloka fór í þeirri keppni varð stúlkunni síðan að bana með því að aka á hana.

Fjölmargir hafa séð hjúkrunarkonunni bregða fyrir á Sléttalandi og lýsa henni eins og þeir sem tóku hana upp í á Ásunum. Vafalaust er þetta sama vofan og ráðgáta hvers vegna hún fylgdi masonítinu. Spurning er hvort það sé hægt að fá hana aftur upp á Ása?



Séð til norðurs yfir svæðið þar sem hersítalinn stóð. Mynd H.Þ.

ÞORRABLÓT 2021

Ekkert formlegt blót var haldið á síðasta ári „þá grund av vanskeligheder“. Við upphaf Þorra nýttu nokkrir dalbúar sér nútímatækni og tengdust með aðstoð myndavéla og hljóðnema. Allt fór vel fram, nema hljóðið í svona útsendingu er eins og fólk sé á kafi í vatni eða rödd í teiknimynd. Það er þekkt staðreynd innan sjónvarpsgeirans að svona útsendingar takast undantekningarlaust illa. Fjarborðhald getur aldrei skákað hitting.

Nú þurfa blótmenn að horfa fram á veginn, því veirukvikindið verður einn góðan veðurdag meinlaust. Þangað til er ágætt að skiptast á þorramataruppskriftum. Þær eru svo sem ekki lengur á hverju strái, en þó má finna fáeinar, sem eru reyndar næstum tveggja alda gamlar. Marta María Stephensen í Viðey gaf út Einfalt matreiðsluvasakver fyrir heldri manna húsfreyjur, Leirárgörðum við Leirá 1800. Bókin er uppseld hjá útgefanda, en er pottþétt til á öllum betri bæjum.

„Sauðarhöfuð eður kjamma er svo meðfarið; höfuð er klofið að endilöngu; flegnir eru svo kjammarnir eður skildir nákæmlega, gómfyllan úttekin, og þeir svo meyrsoðnir í vatni með salti í, þá eru þeir annaðhvort látnir í súrs, og borðaðir svo, ásamt þeim alþekktu lundaböggum með vinediki; ellegar þeir snæddir ferskir með lungnamósu, en þá eru þeir og hún þannig tilbúin; smjör er brætt í pönnu, og kjömmunum meyrsoðnum, velt vel um því og er þá á þá vel yfirsáð steyttu hveiti, og litlu af engiferi, steyttu og sargaðri péturselju, svo eru þeir steiktir á rist, með hægum glæðum“. - Vær så god.

Stytt úr nefndri bók og fiktad í stafsetningu - H.Þ.

ATH. Þau ykkar sem ekki eru lengur með hlóðaðhús eða langeld er bent á að það getur verið varasamt að nota útgrill innandyra, en það er áskorun.

HRINGTORG 2028?

Það eru að verða sjö ár síðan hringtorgshugdettan var lögð á borð dalbúa. Á þeim tíma hefur lítið gerst. Lofthringtorgin ku vera á samgönguáætlun, nánar tiltekið á öðru tímabili áætlunarinnar en það tímabil upphefst, takk fyrir, 2025, og varir í fjögur ár. Fjárveiting er uppá kr. 450 milljónir sem duga tæpast fyrir tveimur spæleggjum með undirgöngum og áleggi. Þetta mál á því töluvert í land og ólíklegt að ekki verði þingkosningar áður en seinna tímabilið hefst. Faraldurinn mun kosta sitt og einhver verður að borga. Það er erfitt að sjá að þessi framkvæmd verði að veruleika,

a.m.k. ekki í bráð, nema að loðnan gangi sjálfviljug á land.

Er á meðan er. Fólk kemst til Þingvalla og jafnvel enn lengra eftir að Gjábakkavegur var bættur á þotuhraða.



Bílastæði ofan á rústum og beinum á Mosfelli

JÓNSTÓTT



Jónstótt verður móttökuhús safnsins.

Dalbúar hafa væntanlega tekið eftir framkvæmdum við Jónstótt við Gljúfrastein. Árið 2019 festi ríkið kaup á eigninni Jónstótt undir starfsemi Gljúfrasteins. Gert er ráð fyrir vinnuáðstöðu fyrir starfsfólk á efri hæð hússins en móttaka og safnbúð fyrir gesti á neðri hæðinni.

Frá því að Gljúfrasteinn opnaði sem safn árið 2004 hefur vinnuástaða starfsfólks verið óviðunandi. Það verða mikil tímamót og jákvæður áfangi að geta sett upp vinnuáðstöðu starfsfólks á efri hæð Jónstóttar. Þaðan er mikilfenglegt útsýni yfir að Gljúfrasteini. Á árinu 2021 var unnið að endurbótum á Jónstótt að utan og brúin yfir Köldukvísl endurgerð. Hún verður göngubrú fyrir göngufólk og gesti sem heimsækja Gljúfrastein. Í samþykktu

skipulagi Þingvallavegar er gert ráð fyrir að núverandi aðkomu að Gljúfrasteini verði lokað þannig að gestum verður beint upp Jónstóttarveg.

Í lok árs 2021 er ákveðnum áfanga lokið en ekki liggur ekki fyrir hvenær næstu skref verða tekin. Eftir er að ljúka viðgerðum innanhúss, ganga frá bílastæði, hanna umhverfi hússins og endurgera Jónstóttarveg.

Aðsend grein frá Húsi skáldsins



G 145 - JAGÚAR

Einn af safngripunum á Gljúfrasteini er Jagúar árgerð 1968. Bíllinn stendur venjulega í hlaðinu yfir sumarmánuðina en á veturna er hann hafður inni. Í október á síðasta ári var undirritaður samstarfssamningur Gljúfrasteins við Borgarholtsskóla um viðgerð á bílnum. Verkefnið verður unnið af nemendum skólans undir styrkri handleiðslu fagkennara. Unnið er að því að slípa lakkið, ryðbæta og sprauta. Þá verður skipt um gúmmí, læsingar lagðar og ýmislegt annað smálegt. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki næsta vor og að Jagúarnum verði ekið í hlað á afmælis-



Jagúar Halldórs Laxness

degi skáldsins 23. apríl 2022. Sama dag mun koma út bók um Jagúarinn sem að Óskar Magnússon hefur tekið saman.

HEYST HEFUR...

- ✓ Dalsgarður ræktar meira en einn túlipana á hvert mannsbarn. Stöðin er orðin stærsti framleiðandi landsins, en ekki má gleyma rósum, jarðarberjum og sumarblómum.
- ✓ Hafberg á Lundi er búinn að grafa sig niður að möttli jarðar. Í holuna fer mól og svo verður grunnur að húsi steyptur, sem gæti borið litla Kringlu. Næg bílastæði neðanjarðar.

BRAKANDI FERSKT SALAT

Lambhagi

Í fararbroddi í salatframleiðslu!

Lambhagi hefur um áttu verið í fararbroddi í samstarfi við Ísland. Þetta er nýtt verk sem er í gæðum og hefur verið mikið vinsælt. Þetta er nýtt verk sem er í gæðum og hefur verið mikið vinsælt. Þetta er nýtt verk sem er í gæðum og hefur verið mikið vinsælt.

SUMARBÚSTAÐABLÚS



Sumarbústaður og skruðgarður Frímanns Helgasonar í landi Laxnes. Nú er hann að grotna niður.
Mynd: Höskuldur Frímansson.


Upp úr 1945 voru margir sem byggðu sér sumarþustaði hér í dalnum, nánar tiltekið í landi Laxnes, og voru spildurnar oft leigðar til 25 ára. Það var líf og fjör í holtinu, sumir fundu kaldvatnssuppsprettur og gátu því ræktað tré, blóm og grænmeti. Aðrir létu sér vatnið úr ánni duga til þvotta og í matseld. Konurnar komu á vorin með börnin og dvöldu allt sumarið, en karlarnir unnu fyrir sunnan og komu með rútunni um helgar. Mjólki og egg voru keypt á bæjunum í kring, en enginn vegur lá að bústöðunum, einungis troðningar og kindagötur. Þegar landleigusamningarnir runnu út, þurftu sumarþustaðaeigendur



að taka pokann sinn. Margir voru ósáttir við þessi endalok, sumir meira en aðrir og kveiktu í bústöðum sínum, frekar en að láta þá grotna niður. Fyrrum eigendur að Laxnesbúinu h.f. höfðu látið skipuleggja heilt sumarþustaðahverfi í landinu fyrir neðan Selholt og seldu landspildur að tugum þustaða. Þarna áttu að vera götur og

Hrossaræktunarbúið
ÓLAFSHAGI
...á horninu

Gandur ehf.
Öll almenn járnsmíði
og vélaviðgerðir
Sími 696 8523



Skógarbringur Laxnesi. Mannfýlurnar voru búnir að skipuleggja og selja byggð fyrir þúsundir manna og létu sig hverfa.

allt tilbúið til að hefja framkvæmdir, þegar hreppsnefndin stöðvaði allt saman. Töldu þeir að ekki væri grundvöllur fyrir svo mikilli byggð, hvorki heitt né kalt vatn og veigruðu sér við að þjóna svo stóru sumarþustaðahverfi. Eigendur spildanna fóru með kaffibrúsa og kruðerí á sunnudögum og settust á steina á landinu sínu, en meira fengu þeir ekki fyrir sinn snúð.

Á endanum ákvað bæjarfélagið, þ.e. við, skattgreiðendur að kaupa spildurnar

af kaupendum. Þá var félagið sem seldi upphaflega orðið gjaldþrota og kallarnir sem seldu, annar lögmaður og hinn fyrrum flugmálastjóri, létu sig hverfa, með dágóðan söluhagnað. Sumir landeigenda þáðu greiðslu, aðrir ekki og afkomendur þeirra eiga spildurnar enn. Nú er búið að finna bæði heitt og kalt vatn í nágrenninu og rotþrær orðnar tæknilegri en áður, en allt svæðið er komið undir vatnsvernd og verður takk fyrir aldrei byggt.

HÁGÆÐA SMUREFNI

Jóhannes:
896 1858
Roðamói 3

www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi

WWW.MOSFELLSDALUR.IS

Dalsgarður
- við ærum rósið

Blómasala alla daga
kl. 9.00-12.00
Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannsson rósaþóndi / rosefarmer
Dalsgarður, 270 Mosfellsbæ, Ísland
Sími/tel: +354 566 7490
Fax: +354 566 7610
Netfang/e-mail: dalsgardur@simnet.is

SAGA SKJALASAFNS RÍKISINS



Búnkerinn, skjallasafnið á Hraðastaðavegi, eftir að búíð var að stækka glugga, setja pall og klæða.
Ljósmynd: Helgi Pálsson

Flest hús eiga sér sögu. Mörgum er haldið til haga, en aðrar gleymast. Eins og Bókhaldið, sem alltaf var kallað svo, en heitir Bókfell og stendur sunnan við Hraðastaði. Húsið var byggt undir lok síðari heimsstyrjaldar, og er sprengjuhelt, með sérstaklega þykkum veggjum. Það var byggt yfir bókhald ríkisins og leit út eins og hver annar „búnker“. Stuttu eftir að menn voru mættir þar til vinnu og byrjaðir að raða pappírnum, lauk stríðinu. Oft kom það fyrir á þessum stutta tíma að ríkisbókhaldsmenn gleymdu lyklinum að búnkernum og var þá sonur bóndans á Hraðastöðum fenginn til að skriða inn um glugga og opna fyrir starfsmönnum og fékk tókall að launum. Nú var pappírnum safnað saman og farið með til Reykjavíkur, en Bjarni Magnússon, bóndi á Hraðastöðum

keypti húsið, þar sem kona hans Þorvaldína var nýkomin af berklahælinu og átti erfitt með að ganga upp stigann á gamla bænum. Þau bjuggu í Bókhaldinu í rúmt ár, en seldu húsið svo aftur. Síðan hefur húsið gengið kaupum og sölum og síðasti ábúandi þar, sem bjó þar heilsársbúsetu var þýsk kona, Maria, sem ung flúði heimaland sitt eftir stríð og vann um áratuga skeið við matseld í Borgarfirði. Hún vildi ekki nein afskipti af öðrum, en laðaði að sér hunda nágranna sinna og bakaði fyrir þá pönnsur eða lét senda sér hrátt kjöt úr búðinni fyrir þá. Minn hundur flutti til hennar og varð það honum að aldurtíla. Maria var fámál um ævi sína.

Vinkona mín ein hafði haft mikið fyrir að flytja kött sinn heim til Íslands, eftir búsetu í London. Kötturinn Keli var innikött-

ur, kurteis og elskaður af eiganda sínum, enda mjög fagurlega eygður. Á gamals aldri tók hann upp á því að vilja vera úti-gangsköttur í Grjótaþorpinu og eigandinn gat ekkert tjónkað við hann. Vinkonan spurði hvort ég vissi um einsetukonu upp í sveit, sem gæti fóstrað köttinn. Úr varð að Maria tók köttinn og tókst því líkur vinkapur milli þeirra Kela að hann hætti að heilsa fyrrum eiganda, enda í góðu yfirlæti hjá Mariu, rækjur og rjómi í hvert mál og varð hann að inniketti að nýju.

Kom að því að gamla konan þurfti að fara í eldri borgara íbúð. Hún tók Kela með, en var hótad brottrekstri, því hún neitaði að láta köttinn frá sér. Á endanum aumkvaði húsvörðurinn sér yfir hana og

útvegaði henni íbúð á jarðhæð og þóttist ekki vita af kettinum. Er þau nú bæði látin og Keli var jarðaður hér í nágrenninu. Á endanum keyptu hjónin Ingibjörg og Barry Andrews húsið, en sá var alltaf kallaður James Bond, því hann lék í einni Bondmynd. Þau byggðu sér svo glæsilegt tvílyft einbýlishús við hliðina á búnkernum og gerðu gamla Bókhaldið upp. Nú búa þar hjónin Björn Leifsson og Sigrún kona hans, ásamt föður Sigrúnar, Hirti Þórarinssyni og njóta fegursta útsýnis úr Mosfellsdal, sjá niður að sjó í vesturátt og upp á Mosfellsheiðina í austur.

Er þau boðin velkomin í dalinn og sagan heldur áfram. - G.H.



Skjallasafnið er nær óþekktanlegt í dag og er enn rammgerð bygging

GRÆNMETISMARKAÐUR TJALDSTÆÐI



MOSSKÓGAR
Sími 663 6173

PÓSTLISTI VÍGHÓLS

Stjórn Víghóls er með póstlista sem hægt er að nýta fyrir tilkynningar. Hvetjum Dalbúa til að hjálpa okkur að halda heimasíðunni virkri með fróðleik og skemmtiefni.

Dalbúar eru hvattir til að senda netföng sín á

vigholl@mosfellsdalur.is
Heimasíða:
www.mosfellsdalur.is

HEYRST HEFUR...

- ✓ Ekkert verður af stígnum milli Hraðastaða og Mosskóga. Eigandi einnar spildu, sem er ekki búsettur í dalnum, setti sig upp á móti hugmyndinni. Það er alltaf þessi eini sem ræður.
- ✓ Ef marka má fréttir að sunnan er Hafdís Huld að gera það gott á streymisveitum og selur mest allra til sjávar og sveita.
- ✓ Stígurinn upp að Helgufossi er að verða að svaði, enda einn fjölfarnasti stígur í Mosfellssveit. Stígvélaskylda á alla, bólusetta sem og óbólusetta.
- ✓ Loksins fékk Snorri Gísla byggingarleyfi eftir margra ára þref. Sagt er að hann hafi gert umsókn strax á sjöunda ári, án árangurs. Ítrekaðar synjanir urðu honum áskorun. Húsið er risið öllum til ánægju og Snorri kominn heim. Þrálátar sögur ganga manna á milli um að hús Snorra sé vísir að fjölskylduþéttbýli norðan vegar.
- ✓ Unnið er að því að breyta aðkomunni að Gvendarreit og er það vel, því ekki er lengur hægt að leggja ökutæki með fram Þingvallavegi.
- ✓ Í kófinu hefur dregið úr hestamennsku í dalnum og til þess að gera langt síðan sést hefur til hópreiða. Í eina tíð markaði Kvennareiðin upphaf sumars með tilheyrandi sírenuvæli í sjúkrabilunum. Sinubruni í Mosfellinu, sem kviknaði út frá kamelstubb hestamanns, er enn minnistæður, sér í lagi vegna þess að engin í hópnum tók eftir brunanum.
- ✓ Eigendur Tjaldaness sóttu um til skipulagsyfirvalda að breyta notkun húsa sinna frá vistheimili í íbúðarhús, en var synjað. Þá þarf að hlíta því og hafa þeir sest að samningsborði með Afstöðu - félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun.
- ✓ Mikil vélavinnustarfsemi er komin í Seljabrekku en enginn býr í íbúðarhúsinu. Fljótt á litið er eins og dalurinn hafi eignast sitt eigið Svínavatn.

WWW.MOSFELLSDALUR.IS



Hestamenn sýna náttúrunni virðingarleysi með gröfuskaki

FRÉTTARITARI SKAMMADALS

Jónína Óskarsdóttir, Svanastöðum

Í Skammadal halda til arftakar kartöfluræktendanna. Það er tegundin sem ekki hefur losnað við sveitina úr sálinni eins og það heitir svo fallega í bókartitli Eggerts Þórs Bernharðssonar um þessa þrálátu veiru borgarbúa sem engin bólusetning virðist vinna á. Til að komast í Skammadal þarf að leysa nokkrar þrautir. Sú fyrsta er að vita hvar á landinu þessi dalur er, sem kunnugt fólk talar um af einstakri væntumþykju. Önnur er að finna afleggjarann



Uppi á þakinu á Hlíð er Torfi Björn Loftsson að byggja 1984. Mynd: Anna Kalmannsd.

og sú þriðja er að komast klakklaust upp holóttu og sundurgrafna brekkuna í dalinn hvort sem er að vori eða vetri.

Við Skammælingar segjum þó að illfær brekka sé bæði kostur og galli því þá er friður fyrir óþarfa ágangi.

Skammælingar hafa verið duglegir við að laga kofana sem hafa gengið í endurnýjun lífdaga og á endalausum sólskinsdögum má heyra hamarshögginn glymja í dalnum. Kartöflusetrið er félagsmiðstöðin okkar með sunnudagskaffi nokkrum sinnum yfir sumartímann og kósí kvöldvöku í koldimmunni á haustin. Undanfarin tvö



Sunnudagskaffi / sumarveisla í Kartöflusetrinu. Mynd: Anna Kalmannsd.

sumur hefur þetta legið niðri og þess í stað köllumst við á og höfum auga hvert með öðru úr mátulegri fjarlægð.

Bústaðirnir bera nöfn sem tengjast stöðum eða sögum sem okkur þykir vænt um. Kofarnir heita t.d. Brekkukot, Bjarghús, Sælukot, Naustavík, Sólkot,



Sólbaðsfólkið eru fv.: Anna Kalmannsdóttir, móðir hennar Auður Hjálmarsdóttir, Georg (óþekktur) og Svala Kalmannsdóttir systir Önnu. Mynd: Anna Kalmannsd.

Hreiðrið, Sólbakki, Pálshús, Sjónarhóll, Skammi-Krókur, Lukka, Hlein og Brúar. Anna í Hlíð, öflugur gömlu dansari, er ein af frumbyggjunum. Hún hefur verið hér



í þrjátíu og átta ár og man þá tíma þegar eftirlitsmaður var í Skammadal. Sá var sagður vera með teygjanlegt málband til að mæla fyrir kofum og görðum – allt eftir því hver í hlut átti.

Hér uppi milli Helgafells og Reykjafjalls fer fram ein allsherjar ræktun líkama og sálar sem við vonum að góðir grannar okkar njóti góðs af – á gleðilegu nýju ári.

Húsin við veginn standa við Æsuslóð (Helguslóð er undir Helgafelli). Mynd: Anna Kalmannsd.



Strákar á hestvagni fyrir neðan Gljúfrastein kannski 1952. Hverjir eru þeir?

**VERKFÆRA
SALAN**

WWW.VFS.IS

FRJÁLS FRAMLÖG

Þeir sem vilja styrkja Víghól og útgáfu Dalalæðunnar geta greitt inn á reikning félagsins 315-26-6411
Kennitala: 641198-2779

**Víghóll, samtök íbúa
í Mosfellsdal**

VEIÐIHORN GUÐNA

Guðni Bjarnason á Hraðastöðum



Guðni Bjarnason refaskytta á Hraðastöðum segir síðasta ár hafi verið fjörukt. Rétt undir áttatíu minkar voru skotnir, langflestir af villtum uppruna. Eitthvað sást af eldismink, en honum hefur verið komið fyrir kattanef. Guðni segir: „villiminkar eru miklu meiri vargar og skaðvaldar, en nokkur búrdýr sem sleppa út. Staðreyndin



er sú að mófugli og rjúpum fækkar í okkar nánasta umhverfi og sökudólgarnir eru refir, sílamávar og villiminkur.”

Á heiðinni og fellunum í okkar sveit voru skotnir fimmtíu refir og segir Guðni að grenin finnst sífellt neðar í heiðinni. Það er greni í Mosfellinu, sem skýrir morgunskokk þriggja refa á Ásunum í sumar sem leið og sennilega leynist greni í skógarþykkuninu í Æsustaðafjalli. Svæðið er vont yfirferðar fyrir alla gangandi og þyrfti að grisja. Refir hafa oft sést í sumar við Grænuþorg, en þeir eru núna flestir farnir til feðra sinna.



Það er nefnilega þannig að vilji menn fjölskrúðugt fuglalíf, þá þarf að halda vargi í skefjum. Það verður að stemma stigu við fjölgun vargs, sem að miklu leyti er vegna sóðaskapar okkar sjálfra. Refaveiðar hafa tíðkast frá landnámi, en minkur og sílamávar eru nýliðar í flóru landsins og stofnarnir allt of stórir. Af einhverjum ástæð-



um, ef til vill fjárhagslegum, vilja stjórnvöld sem minnst vita af skaðsemi þessara dýra og bera við barnalega gæsku til allra dýra eins og í Hálsaskógi. Samt lifum við ekki í barnaleikriti og refir eru ekki orðnir „veg-an”. Nú heyrst að stjórnvöld ætla að hætta að greiða fyrir grenjavinnslu, verður það í fyrsta sinn í meira en þúsund ár.

Spurst hefur að eitthvert átak vegna sílamáva verður í vor, en það fer ekki hátt.

Gakktu í bæinn

Fasteignasalan BAER opnar fyrir þér dýrnar að fasteignamarkaðnum



Guðmar Guðmarsson
Hagfræðingur og Fasteignasali



MANNLÍFIÐ 2021

- Nokkrar svipmyndir



Pilgrímsferð ungmenna að Helgufossi.



Sumarblómafólkið



Fjör í kringum fóninn í húsdýrgarðinum á Hradastöðum



Gummi Hreins á spjalli



Spriklandi fínt kál



Halla Fróða trufluð við ræðuhald

LAGÐSNES - LAKSNES - LAXNES

„Þar sem að una hátt í hlíðum
hjarðir á beit með lagði síðum”

Jónas Hallgrímsson.

„Örnefni hafa fylgt manningum frá örófi alda. Hann hefur snemma farið að gefa stöðum í umhverfi sínu nöfn til þess að gera sér umhverfið heimalegt. Nöfnin hafa lýst stöðunum með einhverjum hætti, þau hafa borið vitni um sérkennileika þeirra, lit eða lögun eða þau hafa vitnað um atburði sem orðið höfðu á stöðunum og minnisstæðir.” - Svavar Sigmundsson, Árnastofnun 2009

Í Mosfellssveit eru nokkur örnefni sem minna á trjágróður landnámsára. Bæjarnafnið Hrísbú, Skógarbringur austan við Leirtjörn á Mosfellsheiði, Reynisvatn og Víðir í dalbotni Mosfellsdals. Víðirinn var höggvinn, en nafnið hefur lifað. Sama er upp á teningnum með Skógarbringur og Laxnes. Skógurinn í Bringunum hvarf fyrir löngu og aldrei hefur lax gengið upp í Köldukvísl svo vitað sé. Mælingar vísindamanna sem grófu upp langhúsið og kirkju á Hrísbú á síðustu öld, sýndu svo

ekki var um villst að skógur þakti dalinn langt upp að heiðarbrún. Rúið fé hefur verið rekið upp fyrir Skógarbringurnar, upp á háheiði og þegar hausta tók til baka sömu leið.



Lagðsnes - Laxness. Málverk - Teiknað 1931

Sjálfgengið er að eitthvað varð eftir af reifi fjársins á lauflausum greinum skógarins og næsta víst að börn hafi verið send til þess að tína þessi verðmæti. Á Núpstöðum í Örafum var t.a.m. talað um „ullarbrautir í skóginum” og í fjölmörgum heimildum er þess getið að förufólk hafi sótt „lagða” í slíka skóga með eða án leyfis. Í Orðabók Menningarsjóðs (1983) er lagður sagður vera ullarsnepill; ull tínd saman héðan og handan.

Réttirun var ekki stórmál þar til nýlega og líklegt að „Lagðsnes” hafi afbakast í Laxnes, þó ekki væri nema til þess að spara blek. - H. Þ.

HEYST HEFUR...

- ✓ Búið er að selja Helgadal og ómögulegt að vita hvað framtíðin ber í skauti sínu. Eitt er þó víst að einhver mun nýta íbúðarhúsið

VÍGHÓLL

Greiðsluseðlar fyrir félagsgjald í íbúasamtökin Víghóll hafa verið send út í heimabanka til allra íbúa Mosfellsdals 18 ára og eldri. Greiðsla jafngildir skráningu í félagið og þar með rétti til atkvæðagreiðslu á aðalfundi sem haldinn verður 03.03 2022, nánar auglýst síðar. Athugið að um valgreiðslu er að ræða.”

Dalbúar eru hvattir til að senda netföng sín á

vigholl@mosfellsdalur.is

Heimasíða:

www.mosfellsdalur.is

VÖLVA DALALÆÐUNNAR 2022

Við setjumst niður hjá völvunni sem hefur hella upp á rjúkandi heitan kaffibolla í umhverfi sem einna helst minnir á víkingaöld. Snarkið í eldinum í kamínunni er notalegt og ilmurinn sem fylgir brennandi birkinu fyllir vitin.

Völvan sest niður, dregur fram völuleggi sína og leggur sín spil á borðið. Með djúpum tóni segir hún: Mér sýnist að það verði farið í miklar uppbyggingar á Ásunum. Þarna virðist sem einhvers konar samkomuhús, jafnvel tónlistarhús, muni rísa. Það á eftir að vekja heimsathygli vegna hönnunar. Ég sé margt af því frábæra tónlistafólki sem býr í Dalnum svífa þarna um.

Það finnst kuml í Dalnum sem aftur kveikir á hugmyndum um víkingasafn. Bjarki nokkur Bjarnason er þarna í einhvers konar ráðgjafarhlutverki.

Grænsafabarin opnar á Lundi og Dalsgarðssystkinin opna lítið krúttlegt sjálfbærnikaffihús sem á eftir að slá í gegn.

Sumarið verður eitt það besta í manna minnum. Tómas Ponzi setur nýja tómatsósu á markað. Markaðurinn á Mosskógum verður opinn vikulega frá föstudaga til sunnudags.

Fyrsta heimsmeistarakeppnin í göngustígagerð verður haldin í júlí og ég sé fólk alls staðar að úr heiminum koma til að taka þátt. Tillögur fara fram úr björtustu vonum og ná að tengja saman öll „hverfi“ í Dalnum. Göngustígar þessir verða svo settir á minjaskrá UNESCO þar sem hvergi í heiminum er hægt að ganga á svo menningarlega fjölbreyttum göngustígum.

Þingvallavegurinn mun hins vegar haldast óbreyttur um ókomna tíð enda mun annar vegur taka við hans hlutverki þ.e. að koma mannskapnum austur til Þingvalla.

Styr mun standa um Tjaldanes og eitt-hvað verði rifist, en sátt mun nást og ég sé ekki betur en allir verði ánægðir með niðurstöðuna. Þarna mun byggjast upp öflugt sjálfbærnisamfélag.

Hér eru margir hugvitsamir og framkvæmdaglaðir íbúar og er sem ég sjái gamla stólalyftu. Hún hefur það hlutverk að vera einhvers konar túristalyfta sem liggur upp á efstu brún Grímannsfells. Lexi og Árný tengjast þessu á einhvern hátt.

Íbúar hafa fengið sig fullsadda af áhugaleysi bæjaryfirvalda á málefnum Dalsins. Það sama virðist vera upp í teningnum í Kjósinni og sýnist mér sem hugmynd um nýtt sveitarfélag vakni síðla árs. Þetta verður til þess að ýmis gömul loforð um framkvæmdir verða efnd.

Minkafaraldurinn fer minnkandi. Ég sé að dýralíf verður mun fjölbreyttara í Dalnum og afurðum fjölgar. Geitaostur verður framliddur í Dalnum.

Það verður mikil veisla haldin í lok sumars og mun hún valda töluverðu umtali. Fríða á Hrísrú frumsýnir nýjan mjólkurlíkjör og veisluborðin svigna undan veitingum sem flestar koma beint úr Dalnum. Eitthvað verður um þústra en allt endar þetta nú vel þó einhverjir verði nokkra daga að jafna sig.

Nú þegar við erum komin inn í öld eldgosa þá er Mosfellsdalurinn einn besti staðurinn til að vera á í námunda við höfuðborgarsvæðið. Það stýttist í eldgos í Henglinum, en það mun ekki gerast þetta árið.

Spilin segja mér að Mosfellingur ársins 2022 verði infæddur dalbúi sem hefur lagt sitt á vogarskálarnar til samfélagsins og eigi stóran hlut í hjörtum okkar.

- Aðsent efni.

VINNUSTOFA ÞÓRU & BÓKAÚTGÁFAN FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Bjarki Bjarnason
Þóra Sigurþórsdóttir




Kjarnagluggar GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR

Kjarnagluggar ehf. | Roðamóa 9 | s: 893 6001
kjarnagluggar@kjarnagluggar.is | kjarnagluggar.is

 Gislason

VIÐGERÐIR EHF.
Völuteigi 25
587 2060



GK
VIÐGERÐIR

566 6257
Flugumýri 16c, Mosfellsbæ

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Örugg og góð
þjónusta

Sími: 586 8080

www.fastmos.is

Minna-Mosfell Guesthouse

Recommended on
tripadvisor

Minna-Mosfell Guesthouse | 271 Mosfellsbær | Iceland
Phone: (+354) 669 03 66 | www.minnamosfell.is



DÝRALÆKNIRINN

Mosfellsbæ

Urðarholti 2
270 Mosfellsbæ

Sími 566 5066 | 660 0633

Opið: 9 - 18 alla virka daga

Neyðarvakt dýraspítala höfuðborgarsvæðisins opin allan sólarhringinn
530 4888

HEILSUBÓTARSKÓGRÆKT

- Lúpínan í norðanverðum Mosfellsdal - Guðjón Jensson skrifar

Fyrir hálfum öðrum áratug festi ég og fjölskylda mín kaup á spildu nyrst í landi Minna-Mosfells. Þar hafði áður verið hrossahagar en dálítið hafði fyrri eigandi reynt fyrir sér ræktun sem lítinn árangur hafði borið. Við hófum þegar vinnu við að lagfæra girðingar enda var þá enn töluvert um sauðfé í lausagöngu út um allar koppagrundir. Og þegar girðingavinnunni var lokið um þessa rúmlega 6 hektara hófst útplöntun sem hefur tekist fram úr



Lúpína

öllum vonum. Þarna vex greni, fura, lerki, birki, víðir og ösp auk annarra tegunda. Þessi hallamýri er smám saman að breytast í skógarlandslag með vaxandi fuglalífi.

Einn annmarki við þessa spildu er að henni hallar móti norðri sem gerir allan vöxt trjáa erfiðari auk þess verður að bera allt á sjálfum sér nær háltíma gang úr Mosfellsdal. Á leiðinni norður yfir ásinna austur af Mosfelli hefur lúpína verið í miklum uppgangi og hefur valdið því að yfir sumartímamann er nánast ófært þá leiðina. Upp úr miðjum júní breiðist fagurblár íhaldsliturinn yfir ásinna og álitamál hvort austanvert Mosfellið þarfnist ekki endurskírinnar og verði hér eftir nefnt Bláfell rétt eins og allmörg fjöll víða um landið.

Eitt sinn var ég á leið upp úr Kýrgili með fulla byrði áleiðis í spilduna. Alla leiðina úr

gilinu óð eg lúpínuna meira og minna upp í mið lær. Á einum stað datt eg um koll eftir að hafa orðið fótaskortur í kolryðguðum gaddavír sem leyndist í lúpínunni. Það er forn plagsiður á Íslandi að leyfa gömlu dóti að liggja úti á víðavangi en ekki hugsað um að hreinsa eftir sig. Þetta var vond reynsla, já virkilega slæm og ekki átti eg neinar góðar hugsanir hvorki til lúpínunnar né eiganda fyrrum gaddavírgirðingar.

Í spildu Laxneshestaleigunnar í Minna-Mosfellslandi má sjá að hross geta verið mjög nytsöm við að halda lúpínu niðri. Eftir að hestarnir höfðu fengið að vaða um lúpínubreiðurnar innan girðingar nokkurra vikna skeið mátti lúpínan lúta fljótlega í lægra haldi fyrir hófum hestanna. Þar er nú kominn ágætur jarðvegur með grasi í haga, eftirlæti hrossanna á Íslandi. Mætti benda þeim sem sjá ofsjónum yfir vexti lúpínunnar að þarna er komið ágætis lausn og betri á að hemja hana en leyfa eiturefnaframleiðendum að sitja uppi með framleiðslu sína?

En það er víða að vaxa eitthvað á ásum austan Mosfells sem gleður augað. Upp úr lúpínubreiðunni gæjast allvíða birkiplöntur sem njóta þess að á rótum lúpínnar þrífast bakteríur sem binda köfnunarefni úr andrúmsloftinu. Fræ hafa borist um langan veg frá næstu trjágörðum Mosfellinga auk þess sem ég hefi dreift ótöldum lúkum af birkifræi í spilduna mína, vaxandi heilsubótaskóg. En ég er alsaklaus af dreifingu lúpínufræja, þar hafa aðrir komið við sögu. En lúpínan hefur sína kosti og ókosti.

Rétt er að fara sér ekki að neinu ódslega við dreifingu hennar og hafa ætíð hvaða markmið beri að hafa í huga áður en framkvæmt er.

Vatnsborun Árna Kóps

Árni Kópsson
893-5699

Ásta Sif
663-1033



www.vatnsborun.is

PRENTUN FYRIR ÞIG



ARTPRO

PRENTÞJÓNUSTA

- ✓ www.artpro.is
- ✓ artpro@artpro.is
- ✓ Sími: 547 4444
- ✓ Bíldshöfða 14, Reykjavík

Íslenskur kalkúnn gæði í yfir 60 ár



Hollur hátíðarmatur

Fylltur kalkúnn
fullkomnar veisluna

Uppskriftir og
eldunarleiðbeiningar á
kalkunn.is



Holda
KALKÚNN

